

# Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 10

(19. og 20. kennslustund)

Vogaskóli, 22. október 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

**Byrjuðum á fólkinu. Hvernig leit fólkið út á landnámsöld? Hvernig voru klæðin? Hvernig lítur fólk út í dag? Er einhver munur? Skiptir máli hvaða liti við veljum í fötin á dúkkulísurnar? Segja fötin til um hlutverk, stöðu eða kannski jafnrétti?**

Ræddum um muninn á fólkinu frá því á landnámsöld til dagsins í dag. Við ræddum hvaða liti landnámsmaðurinn notaði og hvaða möguleika hann hafði í klæðum. Einnig ræddum við hvaða möguleika nútímamaðurinn hefur og hvort það eru einhverjar hömlur eins og hjá landnámsmanninum. Börnin höfðu mjög gaman af umræðunni um litina og klæðin. Þau voru handviss um að liturinn væri mikilvægur hjá nútímamanninum og væri oft merki um stöðu, kyn og hlutverk. Klæði landnámsmanna sögðu til um og undirstrikuðu hlutverk fólks á landnámsöld. Til að sýna jafnréttislega hugsun í okkar hópi létu margir drengir í ljós að uppáhaldslitur þeirra væri bleikur! Sama sögðu stúlkurnar, uppáhaldslitur þeirra var blár, ljósblár og svartur! Frábær börn.



Afskaplega gaman var að vinna dúkkulísurnar. Börnin völdu sér annaðhvort landnámsmanneskjur, bæði fullorðinn og barn, eða nútímamanneskjur. Þau voru sannarlega meðvituð um hlutverk og stöðu kynjanna í vinnunni. Það sem börnin gerðu:



- Drengur gerði karlmann í sumarklæðum með ungabarn undir handlegg og staðsetti hann í barnaherbergið.
- Drengur gerði karlmann að elda mat og staðsetti í eldhúsið.
- Stúlka gerði dreng og staðsetti hann í bleikt herbergi að hvíla sig í koju.
- Drengur gerði mömmu og lét hana liggja upp í sófa að hvíla sig.
- Stúlka gerði dreng og setti hann í grænt herbergi þar sem hann var að hoppa í rúminu sínu.
- Stúlka gerði unglingsstúlku og setti hana í leikherbergi með líkamsræktargræjum.
- Drengur gerði tvíburadreng og lagði hann í efri koju bleika herbergisins.
- Drengur gerði landnámsmann í fullum herklæðum og setti hann fyrir utan skálann þar sem að hann var á leið í bardaga.
- Drengur gerði bardagalandnámsmann.

